

**137. fundur dómara nefndar 30. október kl. 18:00 í Laugardalslaug, Reykjavík.**

**Mættir:** Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Viktoría Gísladóttir, Björn Valdimarsson, Lárus Lúðvík Hilmarsson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Sigurpór Sævarsson.

**Forföll:** Ingibjörg Ýr Pálmadóttir.

**Fundarefni:**

**Sundmót á haustönn 2025 samkvæmt atburðadagatali:**

**Nóvember** - Speedmót ÍRB - 1. nóv., ÍM25 - 7. – 9. nóv., ÍFR mót - 15. nóv.,  
Haustmót Breiðabliks 22.-23. nóv., Norðurlandameistaramót í sundi - 28. – 30. nóv.  
**Desember** - Desembermót Óðins - 6. des., Desembermót Ármanns - 5. – 7. des.,  
Jólamót SH - 13. des., Metamót ÍRB - 16. – 17. des.

**Dómaranámskeið á haustönn 2025:**

1. október í Pálsstofu, Laugardalslaug, kl. 18:00 – fellt niður vegna ónægrar þátttöku.  
15. október í Ásvallalaug, Hafnarfirði, kl. 18:00 – 3 sóttu námskeiðið og búin með verklegt.  
12. nóvember í Pálsstofu, Laugardalslaug, kl. 18:00

**Dómaranemar uppfærðir í almenna dómara:** Eydís Hildur Hjálmarsdóttir – KR

**Erlend verkefni:** Norðurlandamót í Nóvember haldið á Íslandi – 28. – 30. Nóvember, EM í Lublin, Póllandi sem fram fer í desember. Tvær umsóknir bárust til þátttöku á EM: Ragnheiður Birna Björnsdóttir og Tómas Gísli Guðjónsson bæði frá SH. Hafa þær verið sendar til EA til umsagnar – ekki hefur borist svar um hvort umsækjendur okkar hafa verið valin í verkefnið.

**WA Technical Officials pathway and appointments rules:** stjórn SSÍ hefur mótttekið spurningalista frá dómara nefnd og sent áfram til WA og EA til frekari meðferðar.

**Sundreglur WA:** Sundreglur WA er lifandi skjal sem þarf stöðugt að fylgjast með og uppfæra. Nýjasta uppfærsla er frá 23. júní sl. og hefur verið send til stjórnar SSÍ til birtingar á heimasíðu SSÍ.

**Önnur mál:**

Dómara nefnd mun halda fund fyrir yfirdómara, fundur verður 11. nóvember kl. 18:00 í kaffiteríu 2.hæð Laugardalslaug. Megin efni er að samhæfa yfirdómara í störfum og fara yfir sundreglur og mál sem upp koma á mótum.

Hugmynd hefur komið upp að bjóða þjálfurum uppá fræðslu um sundreglur td. á þjálfarafundi.

Fundi slitið kl. 20:00

Næsti fundur dómara nefndar verður 25. nóv 2025 í Pálsstofu .